



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Rúnar Dýrmundur Bjarnason
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. október 2005

Tilvisun: UST20050900097/bs

Virkjun í landi Gríshóls, Helgafellssveit. Matsskylda

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 22. september sl. þar sem óskað er álitis Umhverfisstofnunar á matsskyldu ofangreindrar framkvæmdar.

Hér er um að ræða 550 kW rennslisvirkjun. Vatni verður veitt úr þremur ám og verða stíflur reistar í farvegum þeirra samtals um 30 metrar að lengd. Aðrennslispípa verður lögð milli ána og að stöðvarhúsi við Bakkaá alls u. þ. b. 2,5 km. Leggja þarf veg frá stöðvarhúsi að stíflustæðum um 2,2 km að lengd. Efni í veginn um 2000 m³ verður tekið úr melum við framkvæmdasvæðið, en ekki kemur fram hvar né hvernig gengið verði frá þeim svæðum. Neðst á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði er grösugt mólendi og votlendisblettir, en melagróður einkennir efri hluta svæðisins.

Fyrirhuguð framkvæmd er ekki innan friðlýsts svæðis, svæðis á náttúruminjaskrá eða svæðis á náttúruverndaráætlun. Hvorki verður raskað jarðmyndunum né vistkerfum sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Í greinargerð Náttúrustofu Vesturlands eru settar fram eftirfarandi tillögur um hvernig draga megi úr umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar:

" a) Þótt sennilega verði litlar skemmdir á gróðurlendi er ákveðin hættu á uppblæstri í kjölfar framkvæmda...mikilvægt er að vel verði gengið frá vegslóða, öllum skurðum og námum.

b) Mikilvægt er að stíflur verði láttnar falla eins vel og kostur er að umhverfinu og að hæð þeirra verði sem minnst. Einnig að gengið verði vel frá skurðum fyrir tengirör milli árfarveganna.

c) Aðrennslisrör og slóði munu liggja yfir lítið gil á leið sinni niður að stöðvarhúsi. Þetta er fallegur staður, svo mikilvægt er að vanda sérstaklega allan frágang á því svæði."

Umhverfisstofnun vill taka undir þessar ábendingar Náttúrustofu Vesturlands. Jafnframt telur Umhverfisstofnun greinargerð Grísafls að flestu leyti mjög góða.


Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér að teknu tilliti til umfangs og staðsetningar framkvæmdarinnar, en ítrekar að mikilvægt er að fara að tilmælum Náttúrustofu Vesturlands varðandi frágang.

Á það skal bent að sækja þarf um framkvæmdaleyfi og leggja fram áætlun um efnistöku skv. ákvæðum VI. kafla laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og þarf að leita umsagnar Umhverfisstofnunar áður en framkvæmdaleyfi er veitt.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson


Helgi Jónsson
Forstöðumaður

Afrit: Helgafellssveit, b.t. Benedikts Benediktssonar, oddvita.